

Þingflokkafundur SÍBS 2011

Haldinn í Iðnó, þriðjudaginn 31. maí 2011 kl. 12-13:30

Fundarboð

Reykjavík, 26. maí 2011

Ágæti viðtakandi!

SÍBS boðar til opins fundar með fulltrúum þingflokka í Iðnó, þriðjudaginn 31. maí kl. 12-13:30.

Lagðar hafa verið sex spurningar um heilbrigðis- og lyfjamál fyrir fulltrúa allra þingflokka á yfirstandandi alþingi, sem svarað verður á fundinum. Fulltrúar þingflokka eru:

- **Guðlaugur Þór Þórðarson**, Sjálfstæðisflokki
- **Siv Friðleifsdóttir**, Framsóknarflokki
- **Jónína Rós Guðmundsdóttir**, Samfylkingunni
- **Margrét Tryggvadóttir**, Hreyfingunni
- **Puríður Backman**, Vinstrihreyfingunni - grænu framboði

Fundarboði þessu fylgja spurningarnar sex, en skriflegum svörum fulltrúa þingflokka verður dreift á fundinum. Fundargestum gefst kostur á bera fram spurningar í lok fundarins. Léttar veitingar verða í boði.

Auk fulltrúa þingflokka eru m.a. boðaðir félagsmenn, starfsmenn og stjórnir aðildarfélaganna SÍBS, Reykjalundar, Múlalundar og Öryrkjabandalags Ísland og fagfélaga í heilbrigðisstétt, fulltrúar ráðuneyta og stofnana, auk fjölmiðla.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Löve
Framkvæmdastjóri SÍBS

gudmundur@sibs.is
sími 820 1510



Vífill



SÍBS er samband sjúklingafélaga með á sjöunda þúsund félagsmenn úr röðum hjarta-, lungna-, astma- og ofnæmis og annarra brjóstholssjúkdóma. SÍBS á og rekur öryrkjavinnustaðinn Múlalundur og endurhæfingarmiðstöðina Reykjalundur, þar sem um 40 þúsund Íslendingar hafa notið aðhlyningar eftir sjúkdóma eða slys.

SÍBS | Síðumúli 6 | 108 Reykjavík | sími 560 4800 | www.sibs.is | sibs@sibs.is

<p>Þingflokkafundur SÍBS 2011</p> <p>Fulltrúar þingflokka</p>	
<p>Sjálfstæðisflokkur</p> <p>Guðlaugur Þór Þórðarson</p> <p>Þingstörf: 5. þm. RS , Sjálfstfl., GÞÞ</p> <p>Fyrri embætti: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 2007-2008, heilbrigðisráðherra 2008-2009.</p> <p>Nefndasetur: Heilbrigðisnefnd, Viðskiptanefnd</p>	
<p>Framsóknarflokkur</p> <p>Siv Friðleifsdóttir</p> <p>Þingstörf: 6. þm. SV , Framsfl., SF</p> <p>Embætti: 4. varaforseti Alþingis</p> <p>Fyrri embætti: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 2006-2007.</p> <p>Nefndasetur: Forsætisnefnd, Heilbrigðisnefnd, Sérnefnd um stjórnarskrármál, Íslandsdeild Norðurlandaráðs</p>	
<p>Samfylkingin</p> <p>Jónína Rós Guðmundsdóttir</p> <p>Þingstörf: 10. þm. NA , Samf., JRG</p> <p>Embætti: Varaformaður þingflokks Samf.</p> <p>Nefndasetur: Félags- og tryggingamálanefnd, Heilbrigðisnefnd, Menntamálanefnd, Saksóknarnefnd, Þingmannanefnd Íslands og Evrópusambandsins af hálfu Alþingis, Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA</p>	
<p>Hreyfingin</p> <p>Margrét Tryggvadóttir</p> <p>Þingstörf: 10. þm. SU , Hreyf., MT</p> <p>Embætti: Formaður þingflokks Hreyf.</p> <p>Nefndasetur: Iðnaðarnefnd, Kjörbréfanefnd, Menntamálanefnd, Saksóknarnefnd, Viðskiptanefnd</p>	
<p>Vinstrihreyfingin - grænt framboð</p> <p>Þuríður Backman</p> <p>Þingstörf: 5. þm. NA , Vinstri-gr., ÞBack</p> <p>Embætti: Formaður þingflokks Vinstri-gr., 2. varaforseti Alþingis</p> <p>Nefndasetur: Fjárlaganefnd, Forsætisnefnd, Heilbrigðisnefnd formaður, Menntamálanefnd, Þingskapanefnd, Íslandsdeild Alþjóðþingmannasambandsins formaður</p>	

Þingflokkafundur SÍBS 2011

Spurningar til þingflokka

SPURNING 1 – EFNI: LYFJAKOSTNAÐUR

Fyrirsprjandi: Sigmar B Hauksson, Astma- og ofnæmisfélaginu

Vísbendingar eru um að sparnaðaraðgerðir í heilbrigðismálum hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Í mörgum tilvikum hafa aðgerðirnar orðið til þess að lífsgæði sjúklinga hafi versnað og lyfjakostnaður þeirra aukist. Til dæmis má nefna að stefnt var að því að lyfjakostnaður vegna astma- og lungnalyfja skyldi lækkaður um 250 milljónir króna, en þegar upp var staðið virðist sparnaðurinn aðeins vera um 50 milljónir króna.

Samtök sjúklinga skilja að það þurfi að hagræða í heilbrigðiskerfinu, en sparnaður ætti ekki að koma niður á lífsgæðum sjúklinga og lágmarkskrafan hlýtur að vera sú að aðgerðir til sparnaðar skili raunverulegum árangri, en skapi ekki aukinn kostnað annarsstaðar.

- Má gera ráð fyrir því að núgildandi reglugerðir um skerðingu og takmarkanir á greiðsluþáttöku lyfja verði teknar til endurskoðunar, og láta heilsuhagfræðileg rök ráða ferðinni á ákvörðun um greiðsluþáttöku?
- Þessu tengt: Hefur t.d. verið litið til kostnaðar við lyfjaumbúðir og fylgiseðla, meðhöndlun og flutning á lyfjum í smásölupakkningum? Í dag þurfa starfsmenn apóteka að plokka töflur úr smásölupakkningum til að mata í sjálfvirkar lyfjaskömmunarvélar (sem útbúa persónusniðnar "lyfjarúllur").

SPURNING 2 – EFNI: ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR OG TILFÆRSLA KOSTNAÐAR

Fyrirsprjandi: Auður Ólafsdóttir, varaformaður SÍBS

Sparnaður Sjúkratrygginga Íslands í þjálfunarkostnaði (sjúkra-, iðju- og talþjálfun) nemur rúmlega 23% á síðustu tveimur árum og næst sá sparnaður aðallega með reglugerðarbreytingu (nr. 721/2009) þar sem greiðsluþátttaka sjúkratryggðra er aukin, auk þess sem umtalsverð skerðing hefur orðið á þjónustu.

Ráðuneyti heilbrigðismála og heilbrigðisnefnd hefur verið bent á að ákvæði reglugerðarinnar séu ekki einungis gróf skerðing á réttindum sjúkratryggðra á Íslandi heldur jafnframt vanhugsuð tilfærsla í heilbrigðiskerfinu í átt að dýrari úrræðum og þar með auknum útgjöldum. Sjúklingi sem t.d. er synjað um frekari þjálfun getur með auðveldu móti farið í rannsóknir og aðgerðir sem kostað geta hið opinbera hundruð þúsunda.

Rétt er að benda á að ekki eru gerðar neinar mælingar eða rannsóknir á áhrifum þessara breytinga. Því hlýtur það að teljast óskynsamlegt að beita jafn hörðum niðurskurði á einn þátt heilbrigðisþjónustunnar meðan litlar eða engar hindranir eru á annarri heilbrigðisþjónustu.

- Hefur þingflokkurinn kynnt sér þær skerðingar sem reglugerðin veldur og ef svo er munið þið leggjast gegn enn frekari niðurskurði í þjálfun og virkri endurhæfingu á Íslandi?
- Hefur þingflokkurinn einhverjar tillögur um það hvernig og með hvað hætti eigi að meta raunveruleg áhrif sparnaðaraðgerða innan heilbrigðisþjónustunnar með tilliti til tilfærslu kostnaðar?

SPURNING 3 – EFNI: LANGTÍMASTEFNA Í HEILBRIGÐISKERFINU

Fyrirspyrjandi: Stjórn SÍBS

Texti spurningar:

Hefur þinn flokkur sett fram langtímamarkmið í grunnstefnumálum heilbrigðisþjónustunnar, svo sem:

- Hvað skuli greitt úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og hvað ekki?
- Hveru háu hlutfalli af vergri landsframleiðslu skuli varið til heilbrigðismála?
- Hversu hátt hlutfall kostnaðar við heilbrigðisþjónustu skuli innheimt í formi þjónustugjalda?

SPURNING 4 – EFNI: REYKJALUNDUR

Fyrirspyrjandi: Birgir Gunnarsson, forstjóri Reykjalundar

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS, er nú á þriðja ári í niðurskurði eins og aðrar stofnanir sem eru á fjárlögum ríkisins. Á þessum tíma er Reykjalundur búinn að skera niður um tæplega 300 milljónir og fækka um 30 stöðugildi eða sem nemur 16% af mannafla. Í upphafi var boðað að niðurskurður yrði á fjárlögum í 5 ár sem þýðir að enn séu tvö ár eftir. Við þessar aðstæður er algjörlega óviðunandi að forsendur fjárlaga skuli ekki liggja fyrir fyrr en í desember. Þetta vinnulag þýðir að þær sparnaðaraðgerðir sem stofnanir grípa til hafa ekki áhrif til sparnaðar fyrr en langt er liðið inn í næsta ár.

- Hver eru áform stjórnvalda varðandi sparnað í heilbrigðisþjónustu á árunum 2012 og 2013?
- Ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir núna, hvenær munu þær þá liggja fyrir?

SPURNING 5 – EFNI: MANNRÉTTINDI BARNA

Fyrirspyrjandi: Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS

Börn eru sá þjóðfélagshópur sem líklega hefur minnstan beinan og sjálfstæðan rétt innan heilbrigðiskerfisins miðað við eigin forsendur og getu. Meðan almennir borgarar eiga beina leið að því öryggisneti sem tryggir þeim m.a. lyf og lækniþjónustu þegar fjárhagur eða hæfni bregst, eru börn að nokkru leyti "falin" bak við foreldra og forráðamenn, sem vegna fjárhagsvanda eða annars geta orðið þess valdandi að börn verða af nauðsynlegri lækniþjónustu eða lyfjameðferð. Að gera börn að sjálfstæðum aðila með beinan rétt í heilbrigðiskerfinu óháð forráðamönnum teljum við vera mannréttindamál, og má benda á að í sumum nágrennalöndum ber hið opinbera eða sjúkratryggingar allan lækni- og lyfjakostnað barna til að tryggja þeim slík bein réttindi.

- Hyggst þinn flokkur beita sér fyrir því sjálfstæðum og beinum rétti barna til ókeypis heilbrigðisþjónustu sem hluta af mannréttindum þeirra?

SPURNING 6 – EFNI: UMBOÐSMAÐUR SJÚKLINGA, ALDRAÐRA OG ÖRYRKJA

Fyrirspyrjandi: Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri Hjartaheilla

Embætti umboðsmanns Alþingis hefur sýnt sig að vera vel til þess fallið að tala máli borgaranna inn á við í kerfinu, enda hefur embættið mikið sjálfstæði og heimildir til að krefjast svara.

- Hver er vilji flokkanna til að koma á embætti umboðsmanns sjúklinga, aldraðra og öryrkja?